

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.03.04
0AD4105-15 HAJ/aó

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun vetnisráðs, 452. mál

Iðntæknistofnun tekur undir þá megin röksemdafærslu að þróun vetnistækninnar hér á landi hafi verið hröð og á margan hátt verulega umfram þær væntingar sem hérlendir aðilar gerðu ráð fyrir í upphafi. Rekja má upphafið til vinnu nefndar iðnaðarráðherra um nýtingu innlendra orkugjafa og síðar stofnun Íslenskrar Nýroku. Raunveruleg kaflaskil urðu með yfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem var mjög framsýn og bar vott um djörfung. Þessi yfirlýsing hefur vakið verðskuldaða athygli og hefur borið hróður Íslands á þessum vettvangi.

Þróunin hefur byggst á stuðningi og velvilja margra aðila. Þar fer iðnaðarráðuneytið fremst í flokki ásamt stofnunum eins og Háskóla Íslands og Iðntæknistofnun. Mestu skiptir þó að vel hefur verið unnið að málinu frá hendi Íslenskrar Nýroku og Vistorku hf. Þar hefur Nýsköpunarsjóður gegnt stóru hlutverki með aðkomu sinni. Starfsmenn Íslenskrar Nýroku hafa borið hita og þunga af samskiptum við erlenda aðila, svo sem fréttamenn og opinbera aðila sem hingað hafa komið til að fræðasat um þetta verkefni. Á nokkurn hátt hefur Íslensk Nýroka verið í hlutverki opinbers aðila þótt hér sé um einkafyrirtæki að ræða.

Vísinda- og tækniráð (V&T ráð) hefur það hlutverk að fjalla um vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Eðlilegt er að V&T ráð gegni því hlutverki einnig er lýtur að vetnismálum og sé meginráðgjafi stjórnvalda varðandi rannsóknir og tækniþróun.


Nýtt vetnisráð er hins vegar kjörinn vettvangur til stefnumótunar þeirra aðila er að vetnisrannsóknum koma og vilja auka og styðja nýtingu vetnis í stað innflutts jarðefnaeldsneytis. Því styður Iðntæknistofnun að vetnisráð verði vettvangur þessara aðila er geti sinnt ráðgjafahlutverki og aðstoð við stjórnvöld í vetnismálum. Sérstaklega er bent á stefnumótun við uppbyggingu innviða þjóðfélagsins, þannig að vetni geti orðið valkostur í orkumálum. Hér er átt við reglugerðir og aðrar stjórnvaldsáðgerðir er styðja upptöku vetnis þar sem það er þjóðhagslega hagkvæmt.

Segja má að veikleiki vetnisvæðingar hérlendis sé veikt bakland. Hér á landi fer fram umfangsmikil tilraun með notkun vetnis, en þróun og rannsóknir tengdar tækjum, búnaði og t.d. kerfislegum þáttum er lítil sem engin. Á meðan svo er minnka líkurnar á að við Íslendingar getum nýtt okkur viðskiptaleg tækifæri sem þessi nýja tækni felur í sér. Halda má því fram að eðlilegt sé að leggja meiri áherslu á þróunarverkefni sem tengjast sviðinu, s.s. efnarafala og aðra kerfislega þætti.

Nýtt vetnisráð gæti verið kjörinn vettvangur til að koma þessum málum í ákjósanlegan farveg.

Niðurstaða Iðntæknistofnunar er því að styðja myndun vetnisráðs er byggir á framkominni þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt



Hallgrímur Jónasson
forstjóri